

**SOS
BARNAPORPIN**

fréttablað

2. tbl. 28. árg. 2022

Pabbi vildi að ég hætti í skóla

Neyðaraðstoð SOS vegna
hungursneyðar í Afríku (Bls. 4)

SOS Barnaporpin eru líflínan okkar

Íslenskt verkefni
í Tógó (Bls. 14)

**Ingibjörg fékk óvænt og
ánægjulegt símtal frá
fyrirverandi styrktarbarni sínu**

Úr fátækt til frama

**„Án Ingibjargar væri ég
ekki á þessum stað í dag“**

Bls. 6

 **SOS
BARNAPORPIN**



4

Að endurheimta barn úr áfalli stríðs

6

Ingibjörg er guðmóðir mín

10

Skömmuðust sín vegna fátæktar

15

Fyrsta íslenska jóladagatal SOS

Frjálst framlag fyrir fréttablað SOS

Styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna á Íslandi fá fréttablað SOS gjaldfrjálst. Ef þú vilt greiða fyrir blaðið mátt þú ákveða upphæðina.

Frjálst framlag 0334-26-052075
Kennitala: 500289-2529

Það er líka hægt að gefa stakt framlag á einfaldan hátt á sos.is.

Eða með símtali
907-1001 (1.000 kr.)
907-1002 (2.000 kr.)



SOS BARNAPORPIN FRÉTTABLAÐ

2. tölublað - 28. árgangur - desember 2022.
Fréttablað SOS Barnaþorpanna kemur út tvisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi. **Ritstjóri:** Hans Steinar Bjarnason. **Ábyrgðarmaður:** Ragnar Schram. **Prófarkalestur:** Sigurlína Davíðsdóttir. **Forsíðumynd:** Ingibjörg Steingrimsdóttir. **Umbrot:** Halldór Elías Guðmundsson. **Prentun:** Prentmet Oddi.

Prentkostnaður blaðsins er greiddur af ónefndum styrktaraðila SOS á Íslandi.

SOS BARNAPORPIN
Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 564 2910
sos@sos.is
www.sos.is



Sjáðu öll fréttablað SOS á sos.is.



Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.

Frá framkvæmdastjóra

Covid fjölgaði munaðarlausum börnum

Þið sem lesið þetta og SOS Barnaþorpin vinna markvisst að því að bæta líf munaðarlausra barna. Það er fátt sorglegra en barn sem ekki á foreldra að eða aðra góða forsjáraðila. Fuglsungi sem fallið hefur úr hreiðrinu og liggur bjargarlaus á jörðinni fær okkur öll til að vilja gera eitthvað; hjálpa.

Á tveggja ára tímabili Covid faraldursins á Indlandi, áætla yfirvöld þar í landi að 10.600 börn hafi misst báða foreldra sína vegna veirunnar. Mun fleiri, eða um 150.000 indversk börn, hafa á sama tíma misst annað foreldrið.

Ef áhrif veirunnar eru svipuð í öðrum löndum má áætla að a.m.k. 60.000 börn hafi misst báða foreldra í heiminum vegna Covid, og yfir 600.000 börn annað foreldrið. Þörfin fyrir SOS Barnaþorpin hefur líklega aldrei verið meiri.

En hvers vegna að treysta SOS Barnaþorpunum fyrir þessu verkefni?

SOS hafa frá 1949 sérhæft sig í að bæta líf munaðarlausra og yfirgefna barna. Á þessum 73 árum hafa samtökin sankað að sér mikilli reynslu. Þau hafa oft gert mistök en með því að læra af mistökunum og þróast í takti við nýja tíma hafa samtökin orðið sterkari og enn hæfari til að sinna umkomulausum börnum.

Við höfum t.d. lært að við getum náð til mun fleiri barna en þeirra sem komast fyrir í barnaþorpunum okkar. Nú hjálpum við hundruð



Við höfum t.d. lært að við getum náð til mun fleiri barna en þeirra sem komast fyrir í barnaþorpunum okkar.

þúsunda barna sem eiga foreldra á lífi; foreldra sem vilja mæta þörfum barna sinna en bara geta það ekki vegna fátæktar. Þá komum við til sögunnar, hjálpum foreldrunum að afla heimilinu tekna. Við fræðum þá um réttindi barnanna, gerum með þeim áætlanir og fylgjum þeim eftir. Fjölskylduvinir hjálpa okkur að fjármagna þennan hluta starfs okkar.

Við höfum líka lært að heiðarleiki og gagnsæi margborgar sig. Undirritaður hefur starfað fyrir SOS Barnaþorpin í um 15 ár og getur

fullyrt að á þeim tíma hefur aldrei verið jafn mikill metnaður innan samtakanna og nú að viðhafa góða stjórnarhætti og heiðarleika ásamt því að hafa hlutina uppi á borðunum en ekki sópa undir teppið því sem óþægilegt kann að vera.

Hjá SOS Barnaþorpunum fara því saman reynsla og mikill metnaður til að gera vel og rétt.

Þess vegna eiga samtökin samleið með þér við að bæta líf barna í erfiðum aðstæðum.

Takk fyrir að standa með okkur og börnunum. Ekkert barn á að þurfa að vera foreldralaust.

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi.



Bréfasendingar til SOS-foreldra aftur í eðlilegt horf



Loksins, loksins höfum við fengið okkar eðlilega líf til baka," hugsa eflaust margir eftir þessa skrítnu hliðarveröld sem varð til í heimsfaraldrinum. SOS-foreldrar (styrktarforeldrar) fá bréf tvisvar á ári með myndum og fréttum af styrktarbörnum þeirra en þessar bréfasendingar riðluðust talsvert á Covid-19 tímanum. Barnaporpin voru lokuð af sóttvarnaástæðum og starfsfólkið sem sér um að safna upplýsingunum um börnin fyrir SOS-foreldrana gat því ekki unnið vinnuna sína.


Ertu enn að bíða eftir bréfi?

Þessi mál eru nú að mestu komin í eðlilegt horf en vissulega getur brestur orðið á í einhverjum tilfellum. Um 68 þúsund börn og ungmenni eru á framfæri SOS Barnaporpanna í um 130 löndum og stundum kemur það fyrir að bréf komast ekki á leiðarenda. Ef þú styrkir barn hjá SOS máttu eiga von á sumarbréfi á bilinu júní og fram í september og vetrarbréfi á bilinu desember og fram í mars. Ef þú ert ennþá að bíða eftir bréfi sem þú átt að hafa fengið þá hvetjum við þig til að hafa samband við okkur með tölvupósti, sos@sos.is, eða í síma á skrifstofuna okkar, 5642910. Við köllum þá eftir bréfinu þínu rafrænt og komum því til þín.

Ekki ráðlegt að senda pakka

Algengt er að SOS-foreldrar vilji gleðja styrktarbörnin sín á afmælum eða um jól. Algengasta og öruggasta leiðin til þess er að leggja fjárhæð inn á framtíðarreikning barnsins í gegnum Mínar síður á sos.is en sumir vilja einnig senda bréf. Póstþjónusta er nú að komast í samt lag víðast hvar í heiminum eftir heimsfaraldurinn og mæla SOS Barnaporpin ekki lengur gegn því að SOS-foreldrar sendi bréf til styrktarbarna sinna. Sumsstaðar gæti pósthjónusta þó enn verið óáreiðanleg og mælum við með því að upplýsinga um slíkt sé leitað hjá Póstinum. Sem fyrr ráðleggjum við SOS-foreldrum frá því að senda pakka til barnanna en smáir hlutir sem passa í A4 umslag ættu að sleppa. Það hefur sýnt sig að stærri pakkar skila sér síður í barnaporpin. Þá eru víða lagðir háir tollar á pakkasendingar og barnaporpin leysa ekki út slíkar sendingar hjá pósthúsum.

Þú getur lesið ítarlegri upplýsingar um bréfasendingar og miklu fleira í **SPURT OG SVARÐ** á sos.is.



Ekki standa allar óskir
Önnu og Sigurðar
skrifðar í skýin...

Þess vegna gerðu þau erfðaskrá

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von
Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaporpanna. Fáðu frekari upplýsingar hjá okkur.

www.erfdagjof.is

Sími: 5642910 // sos@sos.is



Stríðið í Úkraínu

Endurheimti barn úr áfalli

Dag einn fór móðir *Alexanders, 12 ára drengs í Kænugarði, að taka eftir breytingum á hegðun hans. Stríðið í Úkraínu kemur fram í ýmsum myndum og sýnir hversu varnarlaus börn geta verið. Alexander átti það til að frjósa í miðri líkamshreyfingu og gerði allt miklu hægar en venjulega. Hann var ítrekað að gleyma og fór að hafa óeðlilega miklar áhyggjur af heilsu móður sinnar eftir að þau flúðu átök í Donetsk-héraði.

Stress- og kvíðastig drengsins var svo hátt að hann gat ekki greint einfalda hluti í sálfræðitíma. „Ímyndunaraflið hans var í molum sem er mjög slæmt því ímyndun leikur stóran þátt í endurhæfingu eftir sálrænt áfall,” segir Olga Penzur, sálfræðingur hjá

SOS Barnaporpunum í Úkraínu. Henni tókst að lokum að hjálpa Alexander litla. „Við byrjuðum að vinna í að fá hann til að hleypa tilfinningunum út. Fyrsta skrefið var að gera öndunaræfingar og það gaf góða raun. Ég hélt svo áfram með fleiri aðferðir og í dag líður Alexander miklu betur,” segir Olga.

19 milljónir frá Íslandi

SOS Barnaporpin hafa starfað fyrir varnarlaus börn og fjölskyldur í Úkraínu í 20 ár og hófu strax neyðaraðgerðir þegar stríðið braust út. Í neyðarsöfnun SOS á Íslandi hafa safnast um 14 milljónir króna og SOS á Íslandi bætir 5 milljónum króna við þá upphæð úr neyðarsjóði.

Hungursneyð á Horni Afríku

Misstu allan búfénað í þurrkunum

Það er ekkert gras lengur. Engin mjólk, ekkert kjöt og enginn peningur til að kaupa mat. Nágrannarnir gefa okkur mat. Við misstum allar geiturnar okkar og úlfalda í þurrkunum. Ég heiti *Nkotha og er 15 ára. Ég bý í Marsabit í Kenía og á fjögur yngri systkini, 9, 10, 12 og 13 ára. Mamma dó fyrir tveimur árum og pabbi er mjög veikur. Hann vildi að ég hætti í skólanum svo ég gæti séð um fjölskylduna. Öldungarnir í þorpinu komu í veg fyrir það. Þeir sögðu honum að reyna allt svo ég gæti verið í skóla. Það er mikil áhersla lögð á það í samfélaginu okkar að halda stúlkum í skóla. Ég hef samt horft upp á vini mína hætta í skóla, einn á eftir öðrum, vegna hungurs og peningaskorts. Ég elska stærðfræði og raungreinar og langar að verða barnalæknir. Ég óttast hvað verður um mig þegar ég klára grunnskólann á næsta ári. Ég vil ekki neyðast í hjónaband svona ung og fara á mis við öll tækifærin í lífinu.



Nkotha og pabbi hennar.

11 milljónir frá SOS á Íslandi

Á svæðinu sem oft er nefnt Horn Afríku eru mestu þurrkar sem geisað hafa í 40 ár og vofir hungursneyð yfir. Þessi frásögn Nkothu er langt frá því að vera einsdæmi. SOS Barnaporpin á Íslandi hafa ákveðið að leggja 11 milljónir króna til neyðaraðgerða SOS í Austur Afríku. Neyðarsöfnun er á sos.is.

*Skáldað nafn af persónuverndarástæðum.



Flóð í Pakistan

Tíu milljónir barna þjást í Pakistan

Á meðan þurrkar valda hungursneyð á Horni Afríku eru miklar hamfarir í Pakistan vegna flóða eftir monsúnrigingar. „Eyðileggingin er mikil og hefur áhrif á líf 33 milljóna manna, þar af tíu milljóna barna. Mikil hættu er á að börnin veikist af vatnsbornum sjúkdómum og verði vannærð. Við erum að útvega fjölskyldum húsaskjól, matvæli, heilbrigðisþjónustu, lyf, hreinlætisvörur og fleira nauðsynlegt,” segir Saba Faisal, framkvæmdastýra SOS Barnaþorpanna í Pakistan.

10 milljónir frá SOS á Íslandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi geta ekki fylgst með þessum hörmungum aðgerðarlaust og hafa ákveðið að leggja 10 milljónir króna til neyðaraðgerða SOS í Pakistan. Íslendingum gefst kostur á að leggja sín lóð á vogarskálarnar með því að taka þátt í neyðarsöfnun á sos.is.



Íslenskir ólympíufarar efla íþróttastarf barna í Afríku


Samtök íslenskra ólympíufara (SÍÓ) gáfu 48 fótbolta til skólabarna í Malaví og voru þeir afhentir í október. Eitt af samfélagslegum langtímamarkmiðum SÍÓ er að aðstoða við stofnun og eflingu íþróttafélaga í þróunarlöndum í samstarfi við nærliggjandi skóla.



Ærslabelgur fyrir börn á Ásbrú

Gleðin skein úr andlitum barna á Ásbrú í haust þar sem fram fór formleg afhending á ærslabelgur fyrir börnin á svæðinu. Ærslabelgurinn er gjöf frá SOS Barnaþorpunum og íbúðaleigufyrirtækinu Heimstaden og var reistur í samstarfi við Reykjanesbæ.

Lestu nánar um þetta og fleiri fréttir á fréttasvæðinu á sos.is



Fyrirtækin sem sýna samfélagslega ábyrgð

Velgjörðafyrirtæki SOS Barnaþorpanna á Íslandi sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem SOS vinnur að með margþættu starfi. Að bera þennan titil er yfirlýsing viðkomandi fyrirtækis um að það geri heiminn betri fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn og stuðli að betra lífi fyrir sárafátækar barnafjölskyldur.



GLEÐIPINNAR

Heimstaden



coredata

Skráðu þitt fyrirtæki á SOS.IS



Hugbúnaðarfyrirtækið CoreData Solutions ehf. bættist í hóp velgjörðafyrirtækja SOS á Íslandi í nóvember. Kjartan Hrafn Kjartansson, framkvæmdastjóri CoreData (t.v.) og Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS á Íslandi (t.h.).



Úr fátækt til frama

„Án Ingibjargar væri ég ekki á þessum stað í dag“

Ingibjörg Steingrimsdóttir fékk óvænt og ánægjulegt símtal árið 2021. Á hinum enda línunnar var Sonam, kona sem hún hafði bundist órjúfanlegum böndum fyrir rúmum 30 árum. Sonam er fyrrverandi styrktarborn Ingibjargar og ólst upp í SOS barnaþorpi Indlandsmegin við landamæri Tíbet og heimsótti Ingibjörg hana árið 2008. Sonam þakkar Ingibjörgu hversu farsæl hún er í lífi og starfi í dag og alsæl hringdi hún til að deila miklum gleðitíðindum með hinni íslensku „guðmóður sinni.“

Sonam gifti sig árið 2019. Eiginmaður Sonam er lyfjafræðingur og sonur þeirra verður tveggja ára í desember.

Árið 1989 sá Ingibjörg smáauglýsingu um að Íslendingar gætu styrkt barn í SOS barnaþorpum. Ingibjörg valdi að styrkja unga tíbetka stúlku því Tíbet hafði alltaf verið sérstakt í hennar huga. Stúlkan heitir Sonam og bjó í SOS barnaþorpi fyrir börn landflótta Tíbetbúa í bænum Leh sem er á Himalæja hásléttunni. Sonam var fædd og uppalin á þessu afskekktu svæði á Norður Indlandi sem nefnist Ladakh.

„Foreldrar mínir fæddust í Tíbet en flúðu fótgangandi yfir landamærin eftir hernám Kínverja og settust að í Ladakh snemma á sjöunda áratugnum,“ segir Sonam sem er 37 ára í dag og vildi með glöðu geði svara nokkrum spurningum fyrir fréttablað SOS á Íslandi. Foreldrar Sonam voru bæði ólæs og gekk illa að fá vinnu. Þau ræktuðu nautgripi og á sumrin fékk pabbi hennar byggingarvinnu en hann hefur alltaf verið mjög handlaginn smiður.

Níu börn - allt dætur

En foreldrar Sonam gátu ekki séð fyrir grunnþörfum allra barnanna sinna níu sem allt eru dætur. „Það getur verið mikil byrði fyrir foreldra að eiga bara dætur og engan son, sérstaklega á Indlandi. En þau gættu þess að það kæmi ekki niður á okkur og fyrir þeim kom ekki til greina að draga okkur úr skóla til að vinna fyrir heimilinu. Sjálf fengu þau aldrei tækifæri til að ganga í skóla og þau vildu betra líf fyrir börnin sín,“ bætir Sonam við. Það var vendipunktur fyrir fjölskylduna að í Leh er SOS barnaþorp. „Þökk sé SOS barnaþorpinu þá fengum við þar heimili og fría menntun í SOS skólanum. Þetta er það besta sem gat gerst fyrir fjölskylduna því það er alveg ljóst að líf okkar væri allt öðruvísi í dag ef ekki hefði verið fyrir barnaþorpið,“ segir Sonam.



Árin 2014-2016 starfaði Sonam sem kennari í tíbetiskum grunnskóla á Suður Íslandi. „Án þessa órláta stuðnings Ingibjargar snemma á námsárum mínum hefði ég ekki náð þangað sem ég er í dag.“

Styrkti Sonam til náms

Þegar Sonam og systur hennar voru komnar í barnaþorpið eignuðust þær styrktarforeldra, (SOS-foreldra). Þeir fá að fylgjast með uppveiti barnanna úr fjarlægð í gegnum upplýsingabréf og myndir. Í lok árs 2022 búa í SOS barnaþorpinu í Leh tíu börn sem eiga SOS-foreldra á Íslandi. Ingibjörg varð SOS-foreldri Sonam árið 1989 og ákvað síðar að skrifa henni bréf. Sonam skrifaði til baka en fyrst aðeins með teikningum. „Svo fóru að koma nokkur orð til mín á ensku eftir því sem Sonam lærði meira í ensku. Hún virtist ákveðin í að læra og var alltaf ofarlega í sínum árgangi. Hún sagði mér frá lífinu í skólanum og á heimilinu sem hún átti í SOS þorpinu og einnig að hún fengi að fara til foreldra sinna í skólafríum,“ segir Ingibjörg sem vildi styrkja Sonam til framhaldsnáms og gerði hún samkomulag við forstöðukonu barnaþorpsins um móttöku peningasendinga frá sér. Peningunum var skipt í þrennt og fengu Sonam, heimili foreldra hennar og barnaþorpið jafnan hlut.

„Þetta voru engar upphæðir að mér fannst en kæmu kannski að einhverju gagni,“ segir Ingibjörg sem minnir að heildarupphæðin yfir árin hafi ekki náð eitt hundrað þúsund krónum. Fjárhæðin átti þó eftir að gerbeyta lífi Sonam og fjölskyldu hennar. Nú á dögum nýta SOS foreldrar sér þó frekar möguleikann að greiða inn á framtíðarreikning hjá SOS til að auka möguleika barnanna í framtíðinni. Sá sjóður rennur óskiptur til barnanna þegar þau fara að standa á eigin fótum.

Mundi ekki afmælisdaginn sinn fyrr en Ingibjörg sendi köku

Sonam segir að sterk tengsl hafi myndast milli þeirra eftir að hún fór að fá bréf og pakka frá Íslandi. „Ég man svo skýrt eftir því þegar ég var mjög ung að það bárust reglulega pakkar og bréf frá Ingibjörgu. Ég varð rosalega spennt þegar bréfin bárust frá henni og ég gat ekki beðið eftir að skrifa henni til baka en það gerði ég í enskútímum í skólanum,“ segir Sonam og rifjar einnig upp að Ingibjörg sendi sér afmælisköku í álboxi. „Sem barn úr fátækri fjölskyldu þá gerði þetta mig svo hamingju-sama. Ég hélt aldrei upp á afmælisdaginn minn en Ingibjörg missti aldrei af honum og sendi mér afmælisköku





Sonam lýsir því sem mikilli hamingjustund þegar Ingibjörg heimsótti hana árið 2008.



á hverju ári. Þannig fór ég að muna eftir mínum eigin afmælisdegi og hlakka til hans," segir Sonam sem deildi kökunni með skólafélögum. „Íslenska kakan var gerð úr valhnetum og bragðaðist svo vel. Auk þess var hún gerð af ást sem gerir hana ennþá sérstakari."

Heimsótti Sonam eftir andlát eiginmannsins

Árið 2003 varð Ingibjörg fyrir miklu áfalli þegar eiginmaður hennar lést eftir skammvinn veikindi. Ingibjörg hafði borið þann draum innra með sér í mörg ár að heimsækja Sonam. Eftir fráfallið fannst Ingibjörgu hún verða að láta þennan draum rætast og byrjaði að safna fyrir draumaferðinni sem samt virtist óraunhæf því Ladakh er ekki beint í alfaraleið Íslendinga. En þá

sá Ingibjörg auglýsta ferð á vegum ferðaskrifstofu bænda fyrir maraþonhlaupara til Ladakh sumarið 2008. „Þó ég sé enginn hlaupari kannaði ég hvort ég gæti keypt mig í hópferðina án þess að fara í maraþon. Það var samþykkt með þeim skilyrðum að ég tæki þátt í öllu öðru," segir Ingibjörg og heimsókn til Sonam var skipulögð með milligöngu SOS á Íslandi.

Íslendingar í Tíbetmaraþon



Ingibjörg sá auglýsta ferð fyrir maraþonhlaupara til Ladakh sumarið 2008. „Þó ég sé enginn hlaupari kannaði ég hvort ég gæti keypt mig í hópferðina án þess að fara í maraþon."

Fagnaðarfundir

Sonam man skýrt þegar henni var sagt frá yfirvofandi heimsókn Ingibjargar. „Ég ætlaði ekki að trúa því. Ég hafði ekki orðið svona ánægð áður og ég var svo glöð að vera búin að læra ensku. Ég bjóst aldrei við að sá dagur rynni upp að við hittumst og þetta var sem draumur hefði ræst," segir Sonam og Ingibjörg gleymir aldrei augnablikinu þegar þær loks hittust. „Sonam kom hlaupandi og það urðu fagnaðarfundir með okkur. Ferðafélagar mínir urðu himinlifandi fyrir mína hönd og vorum við myndaðar í bak og fyrir," segir Ingibjörg sem eyddi mörgum stundum með Sonam meðan á dvölinni stóð og foreldrum hennar líka. „Mér var tekið sem væri ég drottningin af Íslandi og ég vissi ekki hvernig ég átti að vera því í ljós kom að fyrir þessar fáu krónur sem ég hafði sent gat pabbi hennar Sonam gert endurbætur á húsinu þeirra og í því gisti ég eina nótt," rifjar Ingibjörg upp með stolti.



Við kveðjustund ákvað Ingibjörg að gefa foreldrum Sonam fjallgöngustafina sína sem minjagrípi. Nú 14 árum síðar koma stafirnir þeim enn að góðum notum. „Heilsu þeirra hefur hrakað vegna mikillar erfðisvinnu í kulda á yngri árum. Þau nota stafina núna daglega sem göngustafi. Þau segja að þetta sé einstök gjöf frá einstakri manneskju."

Starfar í menntamálaráðuneytinu

Sonam hefur komið langan veg frá fátæktinni sem fjölskylda hennar var eitt sinn í og náð undraverðum frama. Hún útskrifaðist úr menntaskóla á Indlandi árið 2005 og fékk svo vinnu sem gerði henni kleift að styrkja þrjár yngri systur sínar fjárhagslega. Tvær þeirra luku framhaldsskólaprófi og sú yngsta lauk hjúkrunarfræðinámi. Árið 2013 kláraði Sonam kennaragráðu og varð grunnskólakennari. Svo kom að stóra starfinu árið 2017. Þá flutti Sonam til borgarinnar Dharamshala við Himalæjafjallgarðinn þar sem hún var ráðin til starfa hjá *menntamálaráðuneyti Tíbet sem hefur yfirumsjón með 60 tíbetskum skólum á Indlandi og í Nepal. „Hans heilagleiki, Dalai Lama, býr hér í Dharamshala. Það eru mikil forrættindi og heiður að vinna fyrir tíbetsk yfirvöld. Foreldrar mínir eru svo stoltir af mér. Ég væri ekki á þessum stað í dag ef ekki væri fyrir Ingibjörgu.“

**Til einföldunar á frásögn. Hér er lagalega átt við menntanefnd CTA (Central Tibetan Administration), sem oftast er nefnd „tíbetska ríkisstjórnin í útleð“.*

Hringdi í Ingibjörgu 13 árum síðar

Þegar 13 ár voru liðin frá heimsókn Ingibjargar til Leh fékk hún óvænt og ánægjulegt símtal frá Sonam sem hún hafði ekki heyrt frá í mörg ár. Sonam vildi deila þeim gleðitíðindum með Ingibjörgu að hún hefði eignast son. „Hún var svo hamingjusöm og vildi deila hamingjunni með mér. Henni fannst þetta svo merkilegt í ljósi þess að foreldrar hennar eignuðust níu börn, allt dætur,“ sagði Ingibjörg. Það er auðséð hvernig hún samgledst Sonam.


Dreymir um að heimsækja Ísland og hitta Ingibjörgu einu sinni enn

„Ég lít á Ingibjörgu sem guðmóður mína. Hún fjármagnaði skólagöngu mína og ég á henni að þakka velgengni mína í dag,“ segir Sonam sem hugsar alltaf



Ingibjörg með nýlega mynd af Sonam í nóvember 2022.

hlýlega til Ingibjargar. „Hún er gjafmild og góðhjörтуð. Vegna einstakra tengsla okkar fletti ég Íslandi oft upp á netinu og les mér til um landslagið, náttúruna, fólkið og menninguna. Mig dreymir um að heimsækja Ísland og hitta Ingibjörgu einu sinni enn. Mig langar að nota þetta tækifæri og þakka SOS Barnaþorpunum fyrir að tengja okkur saman. Það breytti lífi mínu,“ segir Sonam að lokum.



Viðtal við Ingibjörgu úr fréttablaði SOS frá árinu 2008 má lesa á [sos.is](https://www.sos.is)

**Peningagjöf inn á
fram tíðarreikning**
rennur óskipt til
styrktarbarnsins.
Hægt er að gefa á
Mínum síðum á [sos.is](https://www.sos.is)
(rafræn skilríki).





Skömmuðust sín vegna fátæktar

Fátæktin og úrræðaleysið höfðu dregið allan mátt úr hjónum á sextugsaldri með níu börn í Rukomo héraði í Rúanda. Tekjurnar voru litlar sem engar og þau gátu hvorki gefið börnunum að borða né sent þau í skóla. Þau skömmuðust sín og voru farin að loka sig af. En svo breyttist allt.

Í vettvangsferð til Rúanda í haust fór Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi, m.a. í heimsókn til þessarar fjölskyldu og kynnti sér gang mála í fjölskyldueflingu á staðnum.

Íslensk fjölskylduefling í Rukomo

Rúanda er merkilegt land. Í raun er það þínulítið, eða um ¼ af flatarmáli Íslands. Þar búa þó um 13 milljónir manna, eða 523 einstaklingar á hverjum ferkílómetra. Til samanburðar búa að meðaltali 3 Íslendingar á hverjum ferkílómetra.

Rúanda er einna þekktast fyrir þjóðarmorðin sem kostuðu líf um einnar milljónar Rúandamanna á vordögum 1994. Síðan þá virðist þjóðin hafa náð saman og myndað samstöðu og þjóðarstolt.



Fjölskyldan á nú geitur og nokkra akra og selur afurðirnar á markaðnum.

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna nú fjölskyldueflingu í þessu merkilega Afríkuríki. Verkefnið gengur út á að styðja sárafatækar fjölskyldur 1.500 barna svo þær geti sjálfar mætt þörfum barna sinna. Þar sem verkefnið er nýlega farið af stað fer litlum sögum enn af árangri þess, en á ferð minni til Rúanda á dögunum hitti ég fjölskyldu, sem hafði nýlokið þátttöku í samskonar verkefni hjá SOS.


Lokuðu sig af

Fjölskyldan býr í Rukomo héraði í norðurhluta landsins og samanstandur af hjónum með níu börn, þ.a. eitt barnabarn. Hjónin eru á sextugsaldri og var boðin þátttaka í fjölskyldueflingu SOS vegna mikillar fátæktar. En það var ekki bara peningaleysið sem hrjáði þau hjónin. Fátæktin og úrræðaleysið höfðu dregið úr þeim allan mátt. Þau áttu hvorki hús né ræktarland. Þau gátu ekki gefið börnum sínum nóg að borða eða sent þau í skóla. Þau skömmuðust sín og voru farin að loka sig af. Fóru helst ekki út. Lesendur geta rétt ímyndað sér hvernig börnunum þeirra leið við þessar aðstæður.

Þær litlu tekjur sem fjölskyldan aflaði sér komu til þegar hjónunum bauðst einhver tilfallandi vinna sem daglaunafólk.

En svo breyttist allt

En svo breyttist allt. Starfsfólk SOS Barnaþorpanna fékk ábendingu um hræðilegar aðstæður fjölskyldunnar og bankaði upp á hjá þeim. Fjölskyldunni var



Skammt frá fjölskyldueflyingunni okkar í Rukomo héraði er barnþorpíð í Byumba. Þar búa yfir 240 börn og ungmenni sem lifa góðu lífi í SOS fjölskyldum.

boðið að vera með í fjölskyldueflyingu SOS, gegn því að þau myndu leggja sitt af mörkum og fara að ráðleggingum sérfræðinga SOS. Teiknuð var upp áætlun, sem m.a. fól í sér fræðslu til hjónanna, stuðning til tekjuöflunar og reglulega eftirfylgni af hálfu SOS.

Til að gera langa sögu stutta hefur líf fjölskyldunnar gjörbreyst til hins betra. Þar sem ég sat á kalli fyrir utan snyrtilegt en látlaust hús þeirra, ætluðu brosin ekki að fara af andlitum hjónanna, sérstaklega þó konunnar. Brosmild andlit þeirra drógu að sér meiri athygli frá mér en litskrúðugur fatnaður þeirra.



Fjölskyldan á nú fallett heimili sem heldur vatni og vindum. Þau eiga geitur, nokkra akra og selja afurðirnar á markaðnum. Börnin þeirra ganga í skóla og fá nóg að borða.

Við bíðum spennt eftir að geta sagt ykkur sögur af árangri nýja verkefnisins í Rúanda.

Takk fjölskylduvinir fyrir ykkar stuðning!

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS á Íslandi.

Hvað er fjölskyldueflying?

Fjölskyldueflying SOS er forvarnarverkefni sem fyrirbyggir að börn verði foreldralaus. Eflying gengur út á að aðstoða sárafátækar barnafjölskyldur til sjálfbærni og sjálfstæðis, gerir þeim kleift að mæta grunnþörfum barnanna og stuðlar að menntun barnanna og foreldranna.

SOS Barnþorpin reka alls 719 verkefni í fjölskyldueflyingu og eru þjú þeirra eru á vegum SOS á Íslandi, í Rúanda, Malaví og Eþíópíu.

Hvað er SOS-fjölskylduvinur?

Sem SOS-fjölskylduvinur styðurðu þau verkefni fjölskyldueflyingar sem eru á ábyrgð SOS á Íslandi. Þú ákveður sjálf(ur) mánaðarlega styrktarupphæð og færð reglulega fréttir og sögur af barnafjölskyldunum sem þú hjálpar. Félagsleg arðsemi framlaga Íslendinga til fjölskyldueflyingar er 66-föld á fátækustu svæðum heims. Það þýðir að hverjar eitt þúsund krónur sem þú greiðir mánaðarlega verða að 66 þúsund krónum.

Íbúðaleigufyrirtækið Heimstaden fjármagnar 100% kostnaðar við fjölskyldueflyinguna okkar í Rúanda árið 2022 og 90% árið 2023. Framlög SOS-fjölskylduvina fjármagna þau 10% sem eftir standa.

Tilfinningaleg
tengsl
foreldra við
börn geta
breytt heiminum

EITT AF HVERJUM TÍU BÖRNUM

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að eitt af hverjum tíu börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau eru að alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf SOS Barnaþorpanna snýst um að breyta þessu.

1,28 m



Hjálparstarf SOS náði til **1.28 milljón** manns árið 2021

138



SOS Barnaþorpin starfa í **138** löndum

4,4 m



Árið 2021 voru styrktaraðilar SOS á heimsvísu **4,4 milljónir**

68.000



68.000 börn og ungmenni búa í barnaþorpum og sambærilegri fjölskylduumönnun SOS

44%



44% barnanna eru í samskiptum við fjölskyldur sínar. Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd, jafnvel þó kynforeldrar þeirra geti ekki séð fyrir þeim.

85%



85% gengur vel í námi

445.400



445.400 börn, ungmenni og foreldrar þeirra í sárafatækt fá betra líf í fjölskylduefingu SOS.

192.400



Neyðaraðstoð SOS náði til **192.400** manns árið 2021

21.000



Um **21.000** Íslendingar hafa styrkt SOS á árinu 2022

9.100



9.100 - börn og ungmenni eiga íslenska SOS-foreldra

Þess vegna styrki ég SOS Barnaþorpin

Við vildum vita hvað fær fólk til að styðja starf SOS Barnaþorpanna í þágu varnarlausra barna um allan heim. Við gerðum því smá könnun meðal styrktaraðila okkar og fengum nokkur mjög góð svör. Getur þú kannski kinkað kolli og tengt við eitthvað af þessum svörum?

Öll börn eiga rétt á heimili, öryggi og tækifærum. Ég vil stuðla að því víðar til að auka skilning og umburðarlyndi gagnvart öðrum sama hvar eða hver þau eru.

Auðveldasta leiðin til að "eignast" barn



Get ekki hjálpað öllum, en get hjálpað einu. ❤️

Til að gera það sem ég get til að aðstoða barn í átt að betra lífi 😊

Ég er fjölskylduvinur til að hjálpa fjölskyldum að ná endum saman og geta staðið fyrir heimili

Það er eitt af því sem ég get gert til þess að gera heiminn að betri stað fyrir börn

Til að hjálpa barni

Gott að geta aðstoðað barn til að eiga aðeins betra líf



Vefverslun á [SOS.IS](https://www.sos.is)

Kauptu jólakortin hjá SOS og láttu gott af þér leiða

Jólaöngull er fjórða jólakortið í jólakortaseríu Elsu Nielsen sem hún hannaði fyrir SOS Barnaþorpin og gaf. Jólaort SOS eru til sölu í vefverslun okkar á [sos.is](https://www.sos.is) og á skrifstofu okkar í Hamraborg 1, Kópavogi.





Gegn kynferðislegri misneytingu á börnum

SOS Barnaporpin eru líflínan okkar

Starfsfólk SOS heldur fræðslufund fyrir ungar stúlkur.

Ég heiti *Sandra og er 17 ára. Ég bý í Atakpamé í Tógó og er í framhaldsskóla. Ég varð ólétt árið 2021 eftir nauðgun. Nauðgarinn flúði á brott eftir verknaðinn og ég sat eftir alveg eyðilögð. Ég réði ekki við ástandið. Nokkrum vikum eftir að ég komst að því að ég væri ólétt hætti ég að mæta í skólann. Þetta var í desember 2021. Skólastýran bað bekkjarfélaga mína reglulega um að athuga með mig en ég gat bara ekki snúið aftur. Skömmin var svo mikil.



Premur mánuðum síðar, í febrúar 2022, kom bekkjarfélagi heim til mín ásamt starfsmanni SOS Barnaporpanna að ræða við mig og mömmu. SOS starfsmaðurinn hvatti mig eindregið til að mæta aftur í skólann og sannfærði mig um að snúa aftur. Sem ég gerði, þrátt fyrir skömmina. Hann fór með mér á spítalann þar sem ég fékk lækniástoð.

56% stúlkna í Tógó eru fórnarlömb kynferðisbrota

17,3% stúlkna verða barnshafandi fyrir 18 ára aldur

29% stúlkna eru giftar fyrir 18 ára aldur

Því næst fékk ég smávægilega fjárhagsástoð fyrir helstu nauðsynjum og SOS maðurinn kom vikulega heim til að stappa í mig stálinu. Hann sannfærði mig um að ég gæti náð árangri í lífinu og smám saman jókst sjálfstraust mitt. Ég hellti mér í lærdóminn þrátt fyrir að finna fyrir þreytu eftir erfiða mánuði á undan.

Mamma gerðist meðlimur í sparnaðarhópi hjá SOS Barnaporpunum og í gegnum hann fékk hún vaxtalaus smálán til að efla litla reksturinn sinn. Ég náði prófunum og fæddi son minn tveimur vikum síðar. Mamma ætlar að hugsa um hann þegar næsta skólaár hefst svo ég geti haldið áfram að stunda námið. Ef ekki væri fyrir SOS Barnaporpin hefði allt síðasta skólaár farið í súginn, ég hætt í skóla og ekki snúið þangað aftur. Pabbi dó í fyrri og það fékk mikið á mömmu. Fráfall pabba varð líka til þess að fjárráð fjölskyldunnar voru komin að þölmörkum. SOS Barnaporpin eru líflína okkar og ég er samtökunum svo þakklát fyrir hjálpinu.

Stuðningurinn kemur frá Íslandi

Saga *Söndru er aðeins eitt dæmi af fjölmörgum um barnungar stúlkur í Tógó sem verða fyrir kynferðislegri misneytingu og hversu alvarlegar afleiðingarnar geta verið. Ástoðin sem Sandra og fjölskylda hennar fékk er liður í átaksverkefninu Gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó sem SOS Barnaporpin á Íslandi bera ábyrgð á með stuðningi Utanríkisráðuneytisins (80%) og Heimstaden [20%].

Útfærsla verkefnisins felst einnig í fræðslu fyrir foreldra og börnin sem eru illa upplýst um réttindi barnanna og gera sér t.a.m. ekki grein fyrir því þegar brotið hefur verið á þeim. Þar af leiðandi var mikill skortur á tilkynningum til lögreglu um misnotkun en það hefur nú breyst til muna. Mikil aukning hefur orðið á kærnum til lögreglu og fangelsun kynferðisbrotamanna.

*Nafn er skáldað af persónuverndarástæðum.

Fyrsta Íslenska jólada­gatal SOS



Öðruvísi
Jólada­gatal
-Sælla er að gefa en þiggi

Barnasáttmálinn og Öðruvísi jólada­gatal

Á hverju ári bjóða SOS Barnaþorpin landsmönnum upp á Öðruvísi jólada­gatal. Það er öðruvísi að því leyttinu til að í stað þess að opna glugga og fá súkkulaði eða gjöf að launum þá leggjum við áherslu á fræðslu og að gefa af okkur.

Íslenskt da­gatal

Í ár er da­gatalið þó með öðruvísi sniði en venjulega. SOS Barnaþorpin fengu styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að útbúa íslenskt da­gatal þar sem farið verður yfir réttindi barna. Leikkonan Vala Kristín Eiríksdóttir fer yfir allar greinar Barnasáttmálans á skemmtilegan hátt í gegnum stutta þætti. Á hverjum degi fáum við líka að sjá myndbrot frá starfi SOS Barnaþorpanna víðs vegar um heiminn og hvernig starfsemin tengist réttindum barna.

Söfnun fyrir Malaví

Samhliða jólada­gatalinu er hægt að taka þátt í söfnun þar sem öll framlögin fara í fjölskylduef­lingu SOS Barnaþorpanna í Malaví. Fjölskylduef­ling er verkefni sem hjálpar sárafátækum barnafjölskyldum að standa á eigin fótum til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra þeirra. Þeir sem vilja taka þátt í söfnuninni geta lagt inn á reikning: 130-26-050028, kt. 500289-2529.


Réttindi barna

Það er á ábyrgð okkar allra að passa upp á réttindi barna og að á þeim sé ekki brotið. Því er mikilvægt að við þekkjum öll Barnasáttmálann og greinar hans. Da­gatalið er frábær leið til að læra um réttindi barna en það er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna og mun fyrsti glugginn opnast 1. desember.



Þorleifur leikstjóri og handritshöfundur að störfum.

Öðruvísi
jólada­gatal
á sos.is



Söfnuðu fyrir framlaginu með því að halda bingó

Stelpur í æskulýðsstarfi Vídalínskirkju í Garðabæ vildu láta gott af sér leiða og ákváðu þær að hópurinn skyldi gerast SOS-foreldri. Þær styrkja nú stelpu í SOS barnaþorpi í Nepal og fóru létt með að safna fyrir framlaginu. Þessar duglegu stelpur héldu nefnilega bingó sem gekk framur vonum og safnaðist fyrir mánaðarframlögum eitt ár fram í tímann. Aldeilis flottur hópur hér á ferð.

Tendraðu ljós í lífi barns

Vertu SOS-foreldri

Of mörg börn eru **yfirgefin, án kærleiks**
og **umönnunar** mömmu og pabba.
Eins og í ævintýrinu um litlu stúlkuna
með eldspýturnar.



SOS
BARNAPORPIN

Tendraðu ljós í lífi barns!

Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku.
Vertu SOS-foreldri fyrir minna en 130 kr. á dag. **Skráðu þig á [sos.is](https://www.sos.is)**